um staðarval og flutning ríkisstofnana út um land.

Flm.: Lárus Jónsson.

Alþingi ályktar að kjósa 5 manna nefnd til þess að gera tillögur um staðarval og flutning ríkisstofnana út um land í því skyni að stuðla með þeim hætti að aukinni fjölbreytni þar í atvinnu- og menningarlífi og traustari byggð. Nefndin hafi samráð við landshlutasamtök sveitarfélaga og aðra þá aðila, er málið varðar, og kynni sér enn fremur vinnubrögð annarra þjóða á þessu sviði, m. a. á Norðurlöndum. Nefndin leggi skýrslu um athuganir sínar og tillögur fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Greinargerð.

Óþarft er að gera langa grein fyrir framangreindri tillögu, svo mjög sem það efni, er hún fjallar um, hefur verið rætt á Alþingi og víðar. Í orði hafa allir stjórnmálaflokkar talið sig fylgjandi meginefni tillögunnar, og því gerir flm. sér vonir um, að nú verði svo á borði og hún fái fljóta afgreiðslu Alþingis.

Oftast hafa umræður um staðsetningu ríkisstofnana úti um land verið um eina ákveðna stofnun hverju sinni. Bráðnauðsynleg heildarúttekt á því, hvernig megi við koma flutningi ríkisstofnana, sem fyrir eru í Reykjavík eða fyrirhugað er að koma á fót, hefur aldrei farið fram hér á landi og málið því ekki verið rætt á nægilega víðum grundvelli og á raunsæjan hátt. Sannleikurinn er sá, að mjög misjafnt er, hve auðvelt er að velja ríkisstofnun stað utan höfuðborgarinnar. Ástæðan er einfaldlega sú, að sumum stofnunum er algjör nauðsyn á samstarfi við fjölda aðila í höfuðborginni, sem þá þyrfti að flytja alla með viðkomandi stofnun, ef vel ætti að vera. Aðrar stofnanir eru ekki eins háðar öðrum aðilum eða geta leyst samstarfsþörfina með síma eða ýmsum öðrum hætti. Þar mætti t. d. nefna landhelgisgæzlu, Tækniskóla Íslands, Skógrækt ríkisins, Fiskiðnskóla o. s. frv. Þær stofnanir er auðvelt að setja niður á hagstæðum stöðum úti um land, en aðrar, t. d. sum ráðuneytin, þurfa að vera í svo nánum innbyrðis tengslum við önnur ráðuneyti og stofnanir, að mikið hagræði væri í því að hafa þær stofnanir jafnvel í sama húsi eða í sjálfum miðbæjarkjarnanum.

Af framangreindum ástæðum liggur í augum uppi, að gera þarf heildarathugun á staðarvali ríkisstofnana í landinu með það fyrir augum að koma þeim stofnunum fyrir á stöðum úti um land, sem þar geta auðveldlega gegnt upprunalegu hlutverki sínu, en jafnframt stuðlað að fjölbreytni í atvinnu- og menningarlífi og þar með treyst byggð í landinu.

Slíkar athuganir hafa víða farið fram erlendis og verið undanfari flutnings ríkisstofnana frá höfuðborgum viðkomandi landa og staðarvals nýrra stofnana úti á landsbyggðinni. Sem dæmi má nefna Noreg og Svíþjóð. Norðmenn hafa t. d. þegar flutt tækniskóla landsins til Þrándheims fyrir allmörgum árum. Svíar hafa gert ýtarlega könnun á þessu sviði, og fyrir liggur mjög greinargott nefndarálit hjá þeim um flutning ríkisstofnana frá Stokkhólmi, og eru sumar þær tillögur, sem þar er að finna, þegar framkvæmdar í Svíþjóð.

Það er skoðun flm., að enga bið þoli að gera þá heildarathugun hér á landi, sem í framangreindri þingsályktunartillögu felst. Farsælast virðist, að ákveðin þingnefnd hafi þetta verkefni með höndum og kynni sér jafnframt vinnubrögð í þessum efnum í nágrannalöndunum. Með því móti eykst þein þekking þingmanna á máli, sem er vandasamt, en þýðingarmikið, og Alþingi er sífellt að taka ákvarðanir um í löggjafarstarfi sínu.